


Jákvæður vitnisburður um íslenska menntakerfið

Ekkert ríki innan [OECD](#) getur státað af hærra hlutfalli háskólamenntaðra kvenna en Ísland, en 65% þeirra sem ljúka háskólanámi hérlendis eru konur. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýútkominni skýrslu OECD um menntamál, *Education at a Glance*. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að Ísland er í fjórða sæti OECD-ríkja þegar kemur að útskriftarhlutfalli úr fræðilegu háskólanámi. Útskriftarhlutfallið hér á landi er 39,5% en meðaltal OECD-ríkja er um 30%. OECD hefur kannað stöðu þessara mála í aðildarríkjum sínum um áramótin en skýrslan er byggð á tölum frá árunum 2000-2001.

Samkvæmt skýrslunni er Ísland í hópi þeirra landa þar sem útgjöld til menntastofnanna á hvern nemenda eru yfir OECD-meðaltali. Útgjöld hins opinbera til menntunar hér á landi eru 14,6% af heildarútgjöldum ríkisins og er það nokkuð yfir meðaltali OECD-ríkja sem er 13%. Þegar útgjöld til menntamála eru skoðuð sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu er Ísland í fremstu röð ásamt Kóreu,



Bandaríkjunum, Kanada, Danmörku og Svíþjóð. Íslendingar verja 6,3% af vergri þjóðarframleiðslu til menntamála en meðalhlutfall innan OECD er 5,5%. Árið 1990 var þetta hlutfall hér á landi 4,8%, en þá var meðaltal OECD-ríkja 5,3%. Á tíu árum hafa Íslendingar farið úr því að vera nokkuð undir meðaltali OECD-ríkja hvað þennan þátt varðar í það að vera nú í allra fremstu röð.

Ísland er samkvæmt skýrslu OECD meðal þeirra landa þar sem samanlögð útgjöld menntastofnana á hvern háskólanemanda miðað við meðallengd náms eru lægst. Hins vegar leggur Ísland, ásamt Nýja Sjálandi og Svíþjóð, þjóða mest í námslán samkvæmt skýrslunni. Þá er Ísland enn undir OECD-meðaltali þegar kemur að útgjöldum til kennslu, rannsóknna, þróunar o.fl. sem hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu, en þess má reyndar geta að tiltölulega stutt er síðan uppbyggin í rannsóknum og þróun hófst af krafti hér á landi. Þegar kemur að meðalfjölda nemenda í hverri bekkjardeild í grunnskóla standa Íslendingar í fremstu röð með um 17 nemendur en meðaltal OECD-ríkja er 22 nemendur í bekkjardeild. Þá er óvída hærra hlutfall kennara á hverja 1000 nemendur en hér á landi, eða meira en 119 kennarar á hverja 1000 nemendur.

Í heild má segja að skýrsla OECD hafi verið einkar jákvæður vitnisburður um íslenska menntakerfið. Á flestum sviðum eru Íslendingar í fremstu röð og þar sem þeir eru eftirbátar annarra hefur staðan verið að batna á síðustu árum.

Fjöldi umsókna um listamannalaun eykst á milli ára

Nýlega auglýsti menntamálaráðuneytið eftir umsóknum um [starfslaun](#) til handa listamönnum.

Alls bárust 636 umsóknir um starfslaun listamanna 2003, en árið 2002 voru þær 620. Við úthlutun í byrjun þessa árs skiptust starfslaunin þannig að flestar úthlutanirnar voru veittar úr Launasjóði rithöfunda eða 42%, 29% úr Launasjóði myndlistarmanna, 23% voru veittar úr Listasjóði og 6% voru veittar úr Tónskáldasjóði.



Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um listamannalaun var úthlutað starfslaunum til leikhópa, enda verði þeim eingöngu varið til greiðslu starfslauna til einstakra

leikhúslistamanna og fengu tíu leikhópar starfslaun úr listasjóði á þessu ári.

Samanlögð starfslaun listamanna miðast við 1200 mánaðarlaun og eru þau miðuð við lektorslaun II við Háskóla Íslands á hverjum tíma. Venjan er að sjóðir þessir séu auglýstir að hausti og úthlutun fari fram við upphaf næsta árs og mun því úthlutun fara næst fram í byrjun árs 2004.

Tilgangur Listamannalauna er að stuðla að eflingu listsköpunar í landinu og skapa listamönnum, sem starfslaun hljóta, grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni.

Í lögum um Listamannalaun segir að starfslaun skuli veitt til hálfis eða eins árs, tveggja ára eða þriggja. Stjórn Listamannalauna og úthlutunarnefndum er þó heimilt að úthluta starfslaunum til skemri tíma, þó aldrei skemur en þriggja mánaða.

Fundur stjórnmalaleiðtoga um upplýsingatækni

Menntamálaráðherra sat í þessari viku fund stjórnmalaleiðtoga Evrópu- og Miðjarðarhafslanda um áhrif upplýsingatækni á vegum Microsoft. Á fundinum, sem fram fór í Róm, var fjallað um hvernig stjórnsýsla muni líta út árið 2010 og er þróunin skoðuð í ljósi nútíma stjórnsýsluhátta, breytinga á efnahagskerfum og þróunar menntunar. Áhrif upplýsingatækni á lýðræði, störf þjóðþinga og velferðarkerfi voru efst á baugi og rætt var um þekkingarhagkerfi framtíðarinnar og þróun upplýsingatækniiðnaðar. Loks var athyglinni beint að menntun, breytingum á menntastofnunum og kennsluáðferðum. Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, ávarpaði fundinn og Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, tók þátt í pallborðsumræðum.

